

því fyrr en að tveimur árum liðnum, að mergð rennilásanna hafi eigi verið sú, sem hann hafi talið samning þeirra hljóða um. Ber þegar af þeirri ástæðu að taka sýknukröfu stefnda til greina, sbr. 52 og 54. gr., sbr. 50. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem með hliðsjón af rekstri málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 7.000.

Dómarar máls þessa eru Garðar Gíslason, Eggert Kristjánsson hæstaréttarlögmaður og Jóhann J. Ólafsson forstjóri.

#### Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Bergþórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Helgason, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 7.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1975.

Nr. 53/1975. Jón Þórir Gunnlaugsson

gegn

Ákærvaldinu.

#### Dómdur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Úrskurður um hald á bifreið úr gildi felldur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur Þórir Oddsson, aðalfulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, kveðið upp.

Með kæru 21. apríl 1975, sem barst Hæstarétti 22. apríl s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Þá krefst sóknaraðili kærnumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Málavextir eru raktir í greindum úrskurði. Eins og málsatvikum er varið, eru eigi skilyrði samkvæmt 43. gr. laga nr. 74/1974 til að leggja hald á bifreiðina R 24705. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt er að dæma sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 12.000, er greiðist úr ríkissjóði.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Sóknaraðilja, Jóni Þóri Gunnlaugssyni, ber kærumálskostnaður, kr. 12.000, er greiðist úr ríkissjóði.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. apríl 1975.

Ár 1975, mánudaginn 21. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

#### Málsatvik.

Hinn 7. apríl sl. seldi Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, Hofteigi 14, Jónasi Antonssyni, Asparfelli 8 hér í borg, bifreið sína R 24705, sem er Cortina, árgerð 1968.

Kaupverðið var ákveðið kr. 180.000, og greiddi Jónas kr. 50.000 í peningum, en samþykkti tvo víxla fyrir eftirstöðvunum, hvorn að fjárhæð kr. 65.000, með gjalddögum 1. og 15. maí nk. Útgefandi og ábyrgðarmaður á víxlunum er Sonja Sigurðardóttir, sambýliskona Jónasar.

Daginn eftir, þann 8. apríl, seldi Jónas bifreiðina R 24705 manni að nafni Jón Þórir Gunnlaugsson, Laufásvegi 10, Reykjavík, fyrir kr. 180.000, og greiddi Jón Þórir bifreiðina út í hönd.

Nokkrum dögum eftir viðskipti þeirra Vilhjálms Þórs og Jónasar fóru að renna tvær grímur á Vilhjálmm, enda hafði athygli hans verið vakin á því, að Jónas væri varasamur í viðskiptum.

Vilhjálmur hafði samband við Jónas, og varð niðurstaðan af samtali þeirra sú, að Jónas reyndi að útvega ábyrgðarmann á víxlana. Ekki skýrði Jónas frá því, að hann hefði þegar selt bifreiðina.

Hinn 16. apríl hafði Vilhjálmur samband við Gísla Guðmundsson rannsóknarlögreglumann, og í samráði við hann tók Vilhjálmur bifreiðina í sína vörslu.

Ekki vildi Jón Þórir Gunnlaugsson una þessu og sneri sér til sakadóms Reykjavíkur og krafðist úrskurðar um það, hvort hald skyldi lagt á bifreiðina R 24705, jafnframt því sem hann mót-mælti þeirri aðferð, sem viðhöfð var við töku bifreiðarinnar. Þá benti hann á, að víxlar þeir, sem Jónas Antonsson samþykkti vegna kaupanna, væru ekki fallnir í gjalddaga og ætlað brot Jónasar því ekki orðið staðreynd.

Dómari hefur látið afla vottorðs frá skiptaráðandanum í Reykjavík, og hljóðar það svo: „Að gefnu tilefni upplýsist, að Jónas Antonsson, Æsufelli 5, fæddur 17. 7. 1950, var úrskurðaður hér gjaldþrota 23. 4. 1974, skiptalok, eignalaust, 20. 06. 1974.

Skiptaráðandinn í Reykjavík.  
Sigurður M. Helgason“.

Rétturinn lítur því svo á, að er Jónas Antonsson keypti bifreiðina R 24705 af Vilhjálmi Þór Vilhjálmsyni gegn gjaldfresti á hluta kaupverðsins, hafi bú hans verið tekið til gjaldþrota-skipta. Skiptum lauk 20. júní 1974, og var búið eignalaust. Kærða mátti því vera ljóst, að hann gat ekki staðið við skuldbindingar þær, er hann tókst á hendur gagnvart Vilhjálmi. Þykja og sterkar líkur benda til þess, að hann hafi aldrei ætlað sér að gera það, enda seldi hann bifreiðina daginn eftir gegn staðgreiðslu fyrir sama verð og hann keypti hana, en fénu kveðst hann hafa eytt í ýmis útgjöld.

Samkvæmt framansögðu eru allverulegar líkur fyrir því, að Jónas hafi komist yfir bifreiðina R 24705 í sviksamlegum tilgangi, enda benda tilraunir hans við að útvega ábyrgðarmann á víxlana eindregið í þá átt, að hann sjái fram á getu- eða viljaleysi sitt að greiða víxlana.

Af þessum sökum verður að telja, að Vilhjálmi hafi eftir atvikum verið rétt að taka bifreiðina í sína vörslu, enda var það gert í samráði við rannsóknarlögreglumann og ekkert um það vitað, að bifreiðin hafði verið seld Jóni Þóri Gunnlaugssyni.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og þykir því rétt með hliðsjón af framansögðu og með heimild í 43. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða, að hald skuli lagt á bifreiðina R 24705, þar sem ætla má, að hennar hafi verið aflað með refsiverðum hætti.

#### Úrskurðarorð:

Í þágu rannsóknar málsins skal hald lagt á bifreiðina R 24705.